

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.**

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	kr.
Íbúðir á Grenivík	11.250
Sveitaheimili	7.500
Sumarbústaðir á Grenivík	7.500
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	3.750

Hreppsnefnd er heimilt að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Sorphirðugjald fyrirtækja (þ.m.t. sveitabýla):	kr.
Flokkur 1	7.500
Flokkur 2	11.250
Flokkur 3	20.000
Flokkur 4	35.000
Flokkur 5	70.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps.

Staðfest í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 5. janúar 2004 og 19. janúar 2004.

*Grenivík, 20. janúar 2004.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.